*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum*
*The cafeteria is open after the concert*

# Sumartónleikar
# í
# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Duo Campanas

Eric Lammers
Þórólfur Stefánsson
gítarleikarar

NETÚTGÁFA

Þriðjudaginn 24. júní 2003  kl. 20:30

**Duo Campanas** var stofnað árið 2001 af Eric Lammers og Þórólfi Stefánssyni sem báðir eru búsettir í Svíþjóð.

**Eric Lammers** fæddist í Hollandi og lauk prófi frá tónlistarháskólanum í Utrecht sem einleikari og kennari með sérgrein í hljómfræði og kontrapunkti. Með styrk frá breska sendiráðinu í Amsterdam hélt hann til Manchester í framhaldsnám í klassískum gítarleik hjá prófessor Gordon Crosskey. Eric er eftirsóttur bæði sem einleikari, kammermúsikant og kennari og hlaut síðasti geisladiskur hans, *Homenaje à la Guitarra* (2002), mikið lof gagnrýnenda.

**Þórólfur Stefánsson** lauk burtfararprófi frá Tónskóla Sigursveins 1987. Hann stundaði framhaldsnám hjá prófessor Rolf LaFleur við tónlistarháskólann í Stokkhólmi og lauk prófi frá Stockholms musikpedagogiska Institut 1994. Hann hefur sótt námskeið, meðal annars hjá David Russel og John Mills. Þórólfur hefur komið fram víða á Norðurlöndunum sem einleikari og með hljómsveitum. Íslensk tónskáld hafa fengið honum verk til frumflutnings og *Gitarissimo publications* í Stokkhólmi hefur gefið út íslensk þjóðlög í hans útsetningu eða umritun.

**Duo Campanas** hefur víða komið fram á tónlistarhátíðum og tónskáld hafa samið tónverk fyrir þá til flutnings.

*Efnisskrá*

| | |
|---|---|
| Joaquín Rodrigo<br>1901 – 1999 | Tonadilla para dos guitarras (1959)<br>Allegro ma non troppo<br>Minueto pomposo<br>Allegro vivace |
| Þorkell Atlason<br>f. 1964 | Sonata in Re (2003)<br>*frumflutningur* |
| Enrique Granados<br>1867 – 1916 | Danza Espagnola no. 2, Oriental |
| M.Castelnuovo-Tedesco<br>1895 – 1968 | Sonatina Canonica pour deux guitares (1961)<br>Mosso, grazioso e leggero<br>Tempo di siciliane<br>Fandango en rondeau |